

Mál nr. 129/2021**M og
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð verktakafyrirtækis vegna framkvæmda.****Gögn.**

1. Málskot, móttækið 29. mars 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2021 ásamt myndum af akleið og innkeyrslu og deiliskipulag.
3. Tölvupóstur M, dags. 28. apríl 2021.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið á grjót sem starfsmenn X komu fyrir við bílastæði við byggingu Alvotech við Háskóla Íslands. Fram kemur að ökumaður bifreiðar X hafi ekið frá heimili sínu við Sæmundargötu, eins og hún kveður fleiri hafa gert, niður Ingunnargötu og inn á Sturlugötu um kl. 11.35 á sunnudagsmorgni 7. febrúar 2021. Þegar hún hafi komið tilbaka um kl. 15.00 sama dag hafi hún ekið á umrætt grjót sem hafi í millitíðinni verið komið fyrir á vegi. Ökumaður M lýsir aðstæðum þannig að engar merkingar hafi verið vegna grjótsins og sólarstaða hafi verið þannig að erfitt hafi verið að sjá grjótið. Í málinu liggja fyrir myndir frá tjónsdegi og aðstæðum á vettvangi.

M telur X bera ábyrgð á tjóni á bifreið sinni þar sem þess hafi ekki verið gætt að vara vegfarendur við hættu af því að koma grjóti fyrir á akstursleið, en dreifibréfi um fyrirhugaðar framkvæmdir og ónæði hafi verið dreift hinn 9. febrúar 2021 eða tveimur dögum eftir tjónsatburðinn. M bendir á að íbúar stúdentagarða hafi verið að nota bifreiðastæði milli stúdentagarða og byggingar Alvotech í um eitt og hálft ár þannig að akstursleið hafi verið þar sem grjótinu var síðan komið fyrir. Þannig hafi starfsmönnum X átt að hafa verið ljóst að merkja þyrfti lokun með skýrari hætti en gert var.

V telur að tjónsatburður hafi ekki verið á formlegri akbraut heldur á slóða sem liggur á milli bílastæðis við byggingu Alvotech og Ingunnargötu sem hafi verið hluti af vinnusvæði. Það að koma grjóti fyrir á slíku svæði hafi verið hluti af framkvæmdum á svæðinu og gögn um skipulag svæðisins sýni glögggt að svæðið sem bifreið M var ekið um sé skipulagt sem bílastæði en ekki akleið. Einnig hafnar V því að grjót sem komið var fyrir á umræddu svæði hafi verið óeðlilegt lágt auk þess sem íbúum stúdentagarða hafi verið sendur tölvupóstur 12. janúar 2021 um að Alvotech væri að hefja framkvæmdir á svæðinu sem myndu hafa í för með sér jarðvegsvinnu og ónæði.

Álit.

Af ljósmyndum frá vettvangi og öðrum gögnum um skipulag svæðis þess sem ökumaður bifreiðar M ók um verður ekki annað séð en að ekki sé um skipulagða akbraut að ræða. Ekki liggur annað fyrir um að umrætt svæði hafi verið notað til gegnumaksturs, heldur en upplýsingar frá M. Við mat á því hvort sönnun liggi fyrir um að þær ráðstafanir sem starfsmenn X gerðu sunnudaginn 7. febrúar sl. hafi verið til þess fallnar að skapa hættu fyrir umferð verður því að leggja til grundvallar að þær hafi verið gerðar á svæði þar sem vænta mátti framkvæmda, sbr. upplýsingar sem sendar voru út um slíkar framkvæmdir á svæðinu hinn 12. janúar sl., eða tæpum mánuði áður en bifreið M var ekið á grjót. Ekki liggja fyrir nægilega skýr sönnunargögn um að þær ráðstafanir sem gripið var til hafi verið ófullnægjandi og er skaðabótaskylda X því ekki fyrir hendi m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. maí 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.